

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarholts - suðvesturs, Hörgsholt 23.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 25. september 2007 breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts - suðvesturs, Hörgsholts 23 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að mænishæð hækkar um 1 m og á þakið verða settir kvistir, 4 á austurhlið og 2 á vesturhlið. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun íbúða. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 30. október 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 15. nóvember 2007